

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 479, 25. október 1991 við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990, um loðnuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 598/1982 um stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands.**

1. gr.

2. gr. breytist þannig að 6. málsgrein “f) að annast rekstur á æfingastofu (m) heimspekideildar í erlendum tungumálum og skipuleggja nýtingu hennar (þeirra)” fellur brott. 7. málsgrein breytist í f).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 23. desember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

Árni Gunnarsson.